

Hlaðbær-Colas hf. (vegna Marini-stöðvarinnar)
Harpa Þrastardóttir
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 25. nóvember 2020
UST202003-125/gf
08.08.02

Varðar reglubundið eftirlit 2020 - færánleg malbikunarstöð Hlaðbæjar-Colas hf. Marini – Keflavíkurflugvelli.

Þann 20.10.2020 fór fram eftirlit í færánlegri malbikunarstöð Marini á Keflavíkurflugvelli. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ný frávik komu fram en eitt eldra frávik er enn opið og krefst eftirfylgni. Eins var sett fram ábending vegna merkinga á efnageymi (Evotherm). Sjá meðfylgjandi skýrslu.

Frávik frá árinu 2018 er enn opið og tímafrestir í úrbótaáætlun stóðust ekki. Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir nýrri tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindi atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 18.12.2020.

Virðingarfyllst,

Gottskálk Friðgeirsson

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis